

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum í miðborg Reykjavíkur.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 6. september 2017 og auglýsir þá ákvörðun hér með, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Að bílastæði á malarplani á ótölusettri lóð við Vatnsmýrarveg norðan við BSÍ (Vatnsmýrarveg 10) verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldinu 275 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Að almenn bílastæði við Grófina verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldinu 275 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Að almenn bílastæði við Skothúsveg verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Að almenn bílastæði við Mýrargötu, Nýlendugötu, Brunnstíg og Bakkastíg verði gerð gjaldskyld. Einnig á Norðurstíg. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Að almenn bílastæði við Stakkholt verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu.

*Reykjavík, 8. nóvember 2017.*

F.h. borgarstjórans í Reykjavík,

**Sigurður Björn Blöndal.**